

3

6. gr.

2. jan.

Fjármálaráðuneytið afhendir stjórn þjóðleikhússjóðsins skemtanaskatts-upphæðirnar eftir því sem þær berast ráðuneytinu.

7. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, frá 50—500 kr., og skal farið með þau mál, er út af þeim rísa, sem opinber lögreglumál.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. jan. 1924.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnson.

4

23. jan. Halldórssonar og Guðrúnar Þórðardóttur frá Laugabóli, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 23. jan. 1924. Skipulags-skráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Jóns Halldórssonar og Guðrúnar Þórðardóttur frá Laugabóli.

1. gr.

Sjóðurinn, sem er að upphæð kr. 4800.00, er stofnaður af erfingjum hjónanna Jóns Halldórssonar og Guðrúnar Þórðardóttur á Laugabóli í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu árið 1919, til fræðslu barna og unglunga í tjeðum hreppi, eins og síðar greinir. —

2. gr.

Skal sjóðurinn vera undir umsjón og ráðstöfun fræðslu- eða skólanefndar Nauteyrarhrepps, er sendi árlega skýrslu um ástand sjóðsins og útlutun hans til sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árlegir vextir leggist við höfuðstólinn uns hann er orðinn kr. 10.000.00 — tíu þúsund krónur, — en úr því skal úthluta helming vaxtanna árlega samkvæmt ákvæðum 4. gr.

4

23. jan.

4. gr.

Vöxtum þeim, sem úthlutað verður samkvæmt framansögðu, skal varið þannig:

1. $\frac{1}{3}$ hluti vaxtanna gangi til aukalegrar fræðslu barna á aldrinum frá 12—14 ára.
2. $\frac{2}{3}$ hluta vaxtanna skal varið til að styrkja unglunga á aldrinum 14—20 ára, hvorutveggja eftir nánari ákvörðun stjórnarnefndarinnar, en aðeins til velgefna, efnalítilla, námfúsra og siðsamra barna og unglunga, er heima eiga í hreppnum, til náms unglunga utan eða innan hrepps, en barna í hreppnum.

5. gr.

Hinum árlega styrk skal úthlutað til barnanna í lok skólaárs hvers, en til unglunganna fyrir 1. septbr. ár hvert. Verði vöxtum þeim, er úthluta ber samkvæmt framansögðu, eigi af einhverjum sjerstökum ástæðum úthlutað, renna þeir það ár allir til sjóðsins eða leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Árlegan reikning sjóðsins skal leggja fyrir sýslufund til athugunar næsta ár á eftir styrksúthlutunum, en reikningurinn skal saminn af stjórnarnefnd sjóðsins, og sendur sýslunefndinni fyrir árslok hver.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlist konunglega staðfestingu.